

Útgerðarfélag Akureyringa hf
Jón Hallur Pétursson
Fiskitangi
600 Akureyri

2000090046
6602; 6601; 9310

Reykjavík, 29. júní 2001
/ÞFP

Efni: Sjókvíaeldi við Grenivík og Svalbarðseyri, Eyjafirði

Vísað er til erindis Útgerðarfélags Akureyringa hf. dags. 18. apríl 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhugað eldi á þorski og lúðu, allt að 1000 tonn, í sjókvíum við Mógil við Svalbarðseyri og eldi á þorski og lúðu, allt að 2000 tonn, í sjókvíum við Greinvík samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórna Grýtubakkahrepps og Svalbarðsstrandahrepps, dýralæknis fisksjúkdóma, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, Siglingastofnunar, Þjóðminjasafns Íslands og veiðimálasstjóra.

Umsagnir bárust frá sveitarstjórn Grýtubakkahrepps, með bréfi dags. 21. maí 2001, sveitarstjórn Svalbarðsstrandahrepps, með bréfi dags. 21. maí 2001, dýralæknis fisksjúkdóma með bréfi dags. 21. maí 2001, Hafrannsóknastofnuninni, með bréfi dags. 23. maí 2001, Hollustuvernd ríkisins, með bréfi dags. 21. maí 2001, Náttúruvernd ríkisins, með bréfi dags. 21. maí 2001, Siglingastofnun, með bréfi dags. 23. maí 2001, Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags 17. maí 2001 og veiðimálasstjóra með bréfi dags. 21. maí 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd við Grenivík

Í framlögðum gögnum Útgerðarfélags Akureyringa hf. kemur fram að ráðgert sé að hefja eldi á allt að 2000 tonnum af lúðu og þorski í sjókvíum við Grenivík. Eldið verði eingöngu stundað hluta ársins, frá vori fram á vetur. Gert sé ráð fyrir að eldið og slátrun skapi um 9 ársverk.

Fyrirhugað er að staðsetja kvíarnar á 30-50 m dýpi í 500-800 m fjarlægð frá landi og ekki gert ráð fyrir byggingu mannvirkja í landi vegna starfseminnar. Líklegt sé að notaðar verði

stálkvíar þegar tilraunaeldi ljúki en hluti þess sé að prófa ólíkar gerðir kvía.

Fiskeldinu fylgi losun lífræns úrgangs og næringarefna og sé miðað við fóðurstuðul 1,2 falli til umhverfisins við 2000 tonna ársframleiðslu 100 tonn af köfnunarefni og 14 tonn af fosfór.

Staðsetning kvíanna sé valin annars vegar vegna nálægðar við aðra starfsemi fyrirtækisins og hins vegar á nægilegu dýpi og í sem sterkustum straumi til að tryggja að dreifing úrgangsefna verði sem mest.

Fram kemur að ekkert stórt sjávarfuglavarp sé í innanverðum Eyjafirði.

Önnur fiskeldisstarfsemi sé lúðveldi á Hjalteyri og Dalvík á vegum Fiskeldis Eyjafjarðar, kræklingarækt í Skjaldarvík á vegum Norðurskeljar ehf. og laxeldi í Ystuvík á vegum Víkurlax hf. Sjávarsvæðið sem eldið er fyrirhugað á njóti ekki sérstakrar verndar.

Gert sé ráð fyrir að allur fiskur veðri bólusettur og þannig reynt að koma í veg fyrir lyfjanotkun.

Tekin verði sýni af sjávarbotni að vori áður en fiskur er settur í kvíarnar til að fylgjast með mengun og þær færðar til eftir þörfum auk þess sem fylgst verði með fisknum sjálfum en líðan hans sé mælikvarði á ástand umhverfisins.

Allt kapp verði lagt á að koma í veg fyrir að fiskur sleppi og stuðst við nýjustu tækni í því efni. Sérstök öryggisnet verði notuð til þess að selir geti ekki komist að sjálfri eldisnótinni.

Stefnt er að því að hefja tilraunaeldi sumarið 2001 og nýta niðurstöður til ákvarðana um frekari uppbyggingu. Þorskur verði veiddur í gildrum og honum komið fyrir í kvíunum. Fyrsta árið verði notað til eldisprófana t.d. er varða fóðurgerðir, aðferðir við fóðrun, prófun mismunandi þorskstofna, rannsóknna á áhrifum hitastigs og birtu á vöxt og mat á gæðum fiskins eftir slátrun.

Framkvæmdaraðili bendir á að hann hyggst standa fyrir margháttaðri vöktun umhverfisþátta, m.a. áhrifa á lífríki í næsta nágrenni eldisstövarinnar og þróa eldið í samræmi við niðurstöður þess.

Framkvæmdaraðili telur því ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum, skv. 6. gr. laga nr 106/2000.

Fyrirhuguð framkvæmd við Mógil við Svalbarðseyri

Í framlögðum gögnum Útgerðarfélag Akureyringa hf. kemur fram að ráðgert sé að hefja eldi á allt að 1000 tonnum af lúðu og þorski í sjókvíum framundan Mógili við Svalbarðseyri. Eldið verði eingöngu stundað hluta ársins, frá vori fram á vetur. Gert sé ráð fyrir að eldið og slátrun skapi um 9 ársverk.

Fyrirhugað sé að staðsetja kvíarnar á 40-50 m dýpi í 400-600 m fjarlægð frá landi. Ekki sé gert ráð fyrir byggingu mannvirkja í landi vegna starfseminnar. Í upphafi verði gerðar tilraunir með mismunandi gerðir kvía þar sem ekki liggi fyrir reynsla af sambærilegu eldi.

Fiskeldinu fylgi losun lífræns úrgangs og næringarefna og sé miðað við fóðurstuðul 1,2 falli til umhverfisins við 1000 tonna ársframleiðslu 50 tonn af köfnunarefni og 7 tonn af fosfór. Bent er á að ofgnótt næringarefna hafi ekki verið áhyggjuefni hér við land og að hafsvæðið umhverfis Ísland sé skilgreint sem síður viðkvæmt hvað varðar losun næringarefna og hættu á

næringarefnaauðgun.

Staðsetning kvíanna sé valin annars vegar vegna nálægðar við aðra starfsemi fyrirtækisins og hins vegar á nægilegu dýpi og í sem sterkustum straumi til að tryggja að dreifing úrgangsefna verði sem mest. Straummælingar hafi verið gerðar á 15 og 40 m dýpi á móts við Dagverðareyri. Á 15 m dýpi hafi straumhraði verið breytilegur eða frá nokkrum sm/sek upp í rúma 10 sm/sek. Á 40 m dýpi hafi straumhraðinn verið mun minni eða frá 1- 2 sm/sek upp í 5 sm/sek. Súrefnismælingar sýni að súrefnismettun fari neðst í 70% við botn.

Að öðru leyti er vísað til upplýsinga sem fram koma um fyrirhugaða framkvæmd við Grenivík.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd við Mógil við Svalbarðseyri og við Grenivík

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps kannaði afstöðu hafnarsamlags Norðurlands til framkvæmdarinnar og í framhaldi af því tekur sveitarstjórn jákvæða afstöðu til þess að ekki sé þörf mats á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. 2. og 3. viðauka laga nr. 106/2000. Sveitarstjórnin fer fram á að séð verði til þess að sjókvíarnar verði ekki leyfðar á siglingaleið en hún telji sig ekki hafa forsendur til að meta hættu vegna smitsjúkdóma.

Dýralæknir fisksjúkdóma bendir á að menn séu í stórum dráttum sammála um hvaða sjúkdómar komi helst við sögu og hvaða áhrif slíkir smitsjúkdómar hafi á fiska í villtu umhverfi. Telur hann ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna sjúkdómahættu. Sjókvíaeldi á lúðu erlendis hafi ekki gefið góða raun, strandeldisstöðvar henti einfaldlega mikið betur, og engin ástæða til að öðruvísi sé farið hér á landi. Eldi á undirmálsþorski í kvíum hafi verið stundað í smáum stíl, mest á Austfjörðum og Vestfjörðum og hafi það verið mjög farsælt hvað sjúkdóma varðar. Telja má að niðurstöður úr þorskeldi sem stundað hafi verið í smáum stíl hér við land, ásamt rannsóknargögnum nágrannalanda okkar um eldi á þorski og lúðu, nýtist okkur vel.

Hafrannsóknastofnunin bendir á að staðsetning kvíanna sé góð og þess vegna megi reikna með mikilli dreifingu og þynningu næringarefna þó ekki sé hægt að útiloka staðbundna uppsöfnun undir kvíunum.

Lítill hættu sé á óæskilegri erfðablöndun, þó fiskur sleppi úr kvíum, þar sem nota eigi villtan þorsk úr Eyjafirði og eldislúðu af íslenskum uppruna.

Litlar líkur séu á að framkvæmdin skaði villta nytjastofna í sjó og telja verði litlar líkur á smiti frá fyrirhuguðu þorsk- og lúðueldi vegna fjarlægðar frá öðru eldi, strauma og þynningar.

Því sé ekki ástæða til að fram fari sérstakt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Hins vegar er enn vakin athygli á nauðsyn þess að gerð verði heildstæð úttekt og stefna mörkuð varðandi kvíaeldi í fjörðum landsins.

Hollustuvernd ríkisins bendir á að framlagðar upplýsingar framkvæmdaraðila eigi við eldi á 1000 tonnum af þorski. Stofnunin telur mestar líkur á að skilgreina megi

svæðið sem síður viðkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og geri stofnunin ekki kröfur um að fram fari mat á umhverfisáhrifum við þær aðstæður. Stofnunin telur að einnig sé hægt að færa kvíarnar til og því jafnan ekki um óafturkræf áhrif að ræða. Bent er á að þegar framkvæmdin kunni að rekast á hagsmuni sambærilegrar starfsemi eða annarrar mengandi starfsemi þurfi að skoða málið nánar og þurfi niðurstaða þess að vera ljós áður en til starfsleyfisvinnslu kemur. Gerð er athugasemd við að ekki séu merkt á kort hnit fyrirhugaðrar staðsetningar svo og annarra fiskeldisstöðva sem kunni að hafa áhrif á framkvæmdina.

Vegna samanlagðs álags fráveitu frá fiskeldi og þéttbýli í Eyjafirði er lagt til að Skipulagsstofnun beini því til sveitarfélaganna við Eyjafjörð að fram fari heildstætt mat á álagi á viðtakann.

Í svörum **framkvæmdaraðila** kemur fram að honum sé ekki kunnugt um að framkvæmdin rekist á hagsmuni annarra og hafi hann leitað álita viðkomandi sveitarstjórna um það. Lögð er áhersla á að áætlað eldismagn á þessum tilteknu svæðum taki mið af því að svæðin falli að öllum líkindum undir síður viðkvæm svæði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Vísað er til niðurstöðu Hafrannsóknastofnunarinnar um að lífríki Eyjafjarðar og starfsemi annarra fyrirtækja virðist stafa lítil hætta af fyrirhuguðu kvíaeldi og því sé ekki þörf á að fram fari mat á umhverfisáhrifum hennari.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að margir þættir séu ókunnir og meta þurfi sammögnunaráhrif af fjölda fyrirhugaðra sjókvíaeldisstöðva í Eyjafirði og hvar sé best að staðsetja stöðvarnar ef af verður. Að mati stofnunarinnar þurfi að skoða vandlega hvaða áhrif þorskeldi í stórum stíl geti haft, góð og slæm, á lífríki og samfélag og hvort og hvernig þorskeldi í stórum stíl samræmist sjálfbærri nýtingu auðlindarinnar. Því sé farsælast í ljósi þessa að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Í svörum **framkvæmdaraðila** er bent á að það að tekist hafi að friða Atlantshafslax að miklu leyti fyrir veiðum í sjó á síðustu árum byggji ekki síst á þeirri staðreynd að hægt var að tryggja stöðugt framboð úr eldi á sama tíma. Þetta gerðist á sama tíma og eftirspurn eftir ferskum fiski var að aukast á stærstu mörkuðum heimsins. Varðandi kröfu um mat á umhverfisáhrifum er vísað til umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar um að annarri starfsemi virðist lítil hætta stafa af framkvæmdinni.

Siglingastofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á hafnaraðstöðu á Svalbarðseyri og Grenivík og hverfandi áhrif á nærliggjandi strendur.

Þjóðminjasafn Íslands leggst ekki gegn fyrirhugaðri staðsetningu sjókvíanna.

Veiðimálastjóri bendir á að gera þurfi heildstæða úttekt og áætlun vegna allra umsókna á svæðinu m.t.t. þeirra tegunda sem fyrirhugað sé að ala og með hliðsjón af því eldi sem fyrir er og hagsmunum nærliggjandi veiðiáa. Aðstaða til eldis sé takmörkuð auðlind og því eðlilegt að líta til framtíðarmöguleika eldisins og annarra hagrænna þátta við úthlutun eldisleyfa.

Í svörum **framkvæmdaraðila** er bent á að miklu fé og tíma sé nú eytt í rannsóknir og tilraunir með þessar tegundir og það sé mat hans að það sé ekki spurning um hvort heldur hvenær þessar tegundir verða aldar í miklum mæli.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða eldi á þorski og lúðu, allt að 1000 tonn, í sjókvíum við Mógil við Svalbarðseyri og allt að 2000 tonnum, í sjókvíum við Greinvík. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Sveitarstjórnir, dýralæknir fisksjúkdóma, Hafrannsóknastofnunin, Hollustuvernd ríkisins, Siglingastofnun og Þjóðminjasafn Íslands telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Vegur þar þyngst að framkvæmdin muni ekki hafa veruleg eða óafturkræf áhrif á lífríki sjávar. Veiðimálastjóri tekur ekki beina afstöðu til þessarar framkvæmdar en undirstrikar mikilvægi heildstæðrar úttektar með tillit til allra umsókna á svæðinu.

Náttúruvernd ríkisins telur að vegna óvissu um ýmsa þætti er varða áhrif framkvæmdarinnar á umhverfi í hafinu svo og samfélagsleg áhrif af stórfelldu þorskeldi sé farsælast að meta umhverfisáhrif eldisins.

Hafrannsóknastofnunin, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri benda á mikilvægi þess að marka framtíðarstefnu fyrir fiskeldi í Eyjafirði.

Skipulagsstofnun telur, í ljósi fram kominna gagna, fyrirhugað sjókvíaeldi á lúðu og þorski ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umfang eldisins hvað varðar magn og eldistíma á hverju ári, dýpi og straumar þar sem kvíar verða staðsettar bendi til þess að hætta á varanlegri mengun vegna lífræns úrgangs sé lítil. Sama gildir um smithættu og sjúkdóma. Eldisstofnar gefa ekki tilefni til að ætla að um vandamál vegna erfðablöndunar verði að ræða. Töluverð óvissa er fyrir hendi um aðferðir við eldið, þar sem reynsla af sjókvíaeldi þorsks og lúðu er mjög takmörkuð, sem gerir að verkum að umfang eldisins verði takmarkað í byrjun og gefi möguleika á gagnasöfnun til undirbúnings ákvarðanatöku um umfangsmeira eldi, komi það til greina að mati leyfisveitenda.

Skipulagsstofnun telur að marka þurfi heildarstefnu fyrir fiskeldi í Eyjafirði, jafnt á landi sem í sjó. Rök fyrir því eru meðal annars þau að aðstaða til eldis er takmörkuð auðlind og því eðlilegt að líta til framtíðarmöguleika eldisins og um leið annarra hagrænna þátta er varða nýtingu Eyjafjarðar. Finna þarf hvar sé best að staðsetja fiskeldisstöðvar út frá ýmsum sjónarmiðum svo sem núverandi nýtingu og hagsmunum óskyldra aðila. Meta þarf saman álag af fráveitu þéttbýlis, landbúnaðar og náttúrulegu afrennsli frá landi og hugsanlegri stóriðju og fiskeldisáformum á móttakann til að ákvarða ásættanlegt umfang eldis með tilliti til þess þáttar.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að eldi á þorski og lúðu, allt að 1000 tonn í sjókvíum við Mógil við Svalbarðseyri og eldi á þorski og lúðu, allt að 2000 tonn í sjókvíum við Greinvík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á

umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er fyrirhuguð utan netlagna og er því hvorki háð skipulagsafgreiðslu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum né framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar. Framkvæmdin er starfsleyfisskyld.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. júlí 2001.

Stefán Thors

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, leyfisveitendur og umsagnaraðilar